

Eg veit að eg hef ei að handsama þig,
hve þýrt sem að vonir svo benda,
mín elskaða fjarlægð, þótt flýrðu mig,
eg fylgi þér heiminn á enda.

I. E. Th.

Hvers vegna er það nauðsynjamál kvenna að Hallveigarstaðir komist upp?

Erindi flutt á fundi hluthafa í hlutafélaginu »Hallveigarstaðir« 8. p. m.

Háttvirtu áheyrendur:

Við eigum til gott og gamalt spakmæli, er hljóðar svo: Vel skal það vanda, sem lengi á að standa. — Þetta máltæki felur í sér lífspeki, sem allir ættu að athuga, er þeir ráðast í eitthvert fyrirtæki, sem ætlað er til langframa. Og áður en ráðist er í slík fyrirtæki, ber bæði nauðsyn og skylda til þess að gera sér fyllilega ljóst, hvort fyrirtækið sé gagnlegt og nothæft — hvort það sé þannig hugsað og þannig áformað, að það geti, bæði í bráð og lengd, svarað tilgangi sínum.

Kvennabygging sú — Hallveigarstaðir — sem hér er áformað að koma upp fyrir 1930 er nú eitt af þeim fyrirtækjum, sem hugir manna hér í Reykjavík — og ef til vill líka út um sveitir — skiftast allmjög um. — Sumir álíta að vér eigum að koma þessari byggingu upp vegna þess *helst*, að slíkar kvennabyggingar séu nú reistar víða í stórborgum ytra, hafi bætt þar úr brýnni þörf og því orðið bæði heilladrjúgar og vinsælar. — Aðrir álíta, að hér horfi svo mjög á annan hátt við en í stórborgum ytra, að slík kvennabygging mundi vart svara kostnaði hjá okkur, enda lítil eða engin nauðsyn á henni að svo stöddu. Aðrar byggingar skorti hér mjög tilfinnanlegar, til dæmis landsepitála, hjúkrunarheimili — barnaheimili — háskóla — dómkirkju — og jafnvel fangelsi.

Ýmislegt er athugavert við ástæður þessar, sem venjulegast eru á takteinum með og mótt byggingu hússins. En það er fljótgerðara að svara þeim, sem telja öll tormerki á henni og sný eg mér því fyrst að þeim, og þá einkum og sér í lagi að þeim hluta mótbárunnar, er telur konum skyldara að verja fé sínu og kröftum til stuðnings húsum, er brýnni nauðsyn sé á að koma upp heldur en hinum fyrirhuguðu Hallveigarstöðum. — Hinn hluta mótbárunnar mun eg grandskoða, þar sem eg reyni að sýna fram á, hvort slíkt hús sé oss nauðsynlegt eða eigi.

Það var þá spitalinn. — Engum virðist mér blandast hugur um það, að *fylsta nauðsyn* beri til þess, að ráða sem fyrst bót á þeim vandkvæðum, sem

eru á spítalavistum þeim, sem höfuðstaður landsins á vól á handa sjúklingum sínum. Hafa konur og endur fyrir löngu séð nauðsyn þessa. Og sennilega er það konunum *einum* að þakka að ráðist var í að byrja á hinum svonefnda landsspítala. Læknar hafa *furðu-lítið* látið sig þetta mál skifta — og ein-kennilegt er það að sjá, að vart getur nú þann smákaupstað, að eigi hafi hann komið upp sémilegu sjúkraskýli — en sjálfur höfuðstaðurinn á ekki rúm fyrir einn einasta sjúkling, og engum læknir hefir hugkvæmst að koma hér upp einka-spítala þó ekki væri nema fyrir 8–10 sjúklinga. Og eru þó dæmin nóg frá Kaupmannahöfn, að slíkir smáspítalar eru mjög vel sóttir og bera sig fjárhagslega þrátt fyrir gnægð *góðra* spítala þar.

Eg geri því ráð fyrir, að bæði læknum og ef til vill fleiri karlmönnum hafi fundist spítalamálið í heild sinni vera orðið *einskonar einkamál kvenna*, vegna þess, að konur hófu fyrst máls á nauðsyn spítala og tóku að *«ér að safna fé til hans*. Væri því ef til vill *nú ekki úr vegi*, að konurnar beindu hug sínum *líka* að öðrum viðfangsefnum, enda þótt eigi megi skilja orð mín svo, að eg ætlist til þess að þær sleppi alveg hendinni af spítalamálinu.

Þá eru hinar stórbyggingarnar, sem allmargir telja að brýnni nauðsyn beri til að koma upp heldur en kvennabyggingunni fyrirhuguðu. Um þær er það að segja, að víst er um það, að hjúkrunarheimili og barnahæli eru byggingar, sem konur munu telja sér bæði ljúft og skylt að styðja bæði í orði og á borði. Þó má eigi gleyma því, að eigi þurfa sjúkir karlar síður hjúkrun en sjúkar konur, hvort heldur er innan spítala eða utan — á hjúkrunar- eða hressingarhæli. Og eigi mun barnahæli frekar eiga að vera fyrir stúlkubörn en piltbörn. Það væri því einfaldni af þeim konum, sem hafa gert slíkar byggingar að áhugamálum sínum að *leita frekar fjárstyrks til þeirra* hjá konum en körlum. Bygging og rekstur slíkra hæla er *almenningsmál*, og varðar jafnt karla sem konur. Og að réttu lagi ættu karlar og konur að beita sér í sameiningu fyrir framgangi þessara fyrirtækja og leggja fé til þeirra í réttu hlutfalli við laun og tekjur hvors um sig, karla og kvenna. Sama á auðvitað líka við um spítalann. — Og enn verður hið sama ofan á teningnum, er til dómkirkju og háskólabyggingar kemur. Því neitar enginn, að mikil þörf er á báðum þeim byggingum, og þar sem konur í rauninni eiga upptökin að háskólahugmynd hér á landi og hafa þar full borgararéttindi, þá er eigi nema sanngjarn, að þær styðji slíka byggingu eftir megni. En konur mega ekki ætla sér þá dul að gera hana á nokkurn hátt að sérmáli sínu eða einkamáli. Og sama má segja um dómkirkju-byggingu. Trúarlíf kvenna er eigi síður vakandi en karla, og er þeim því eigi síður en körlum ljúft og skylt að taka þátt í öllum kirkjumálum og kostnaði þeim, er þau kunna að hafa í för með sér.

Þá er enn eftir tangelsið, af þeim byggingum, sem eg hefi heyrt nefndar nauðsynlegri en Hallveigarstaði. En viðvíkjandi þeirri byggingu, liggur mér við að segja, að *hún* ætti að réttu lagi að vera sér-mál karla. Í því »gistihúsi« eru karlar að jafnaði hér á landi, svo langum fjölmennari en konur — að eg álit þeir ættu að vera einir um hituna að koma því upp.

Eg get því eigi séð að mótbára sú, er um er að ræða gegn bygging Hallveigarstaða, sé á góðum og gildum rökum byggð. Og víst er um það, að vart getur þá framkvæmd að eigi megi flnna *eitthvað* annað sem einhverjum kunni að þykja nauðsynlegra í svipinn. — En um allar þessar byggingar: spítala, hjúkrunarheimili, barnahæli, dómkirkju og háskóla má með sannni segja, að þar er um *sameiginleg áhugamál karla og kvenna* að ræða, og að konur *spilla frekar en bæta* fyrir framgengi mála þessara með því að gera þau að *sínum sérmálum* — sínum einkamálum. Þetta er fyrir þá sök, að karlar þykjast oft lausir allrar ábyrgðar gagnvart þeim málum, er konur gera að sínum einkamálum — en konur á hinn bóginn venjulegast svo félitlar, að þær *geta eigi* séð neinum stórmálum borgið svo vel sé.

Lítum þá á ástæðurnar, sem færðar hafa verið fyrir nauðsyn þessarar kvennabyggingar, og athugum svo, hvort húsið muni verða að tilætluðum notum.

Fyrst er nú það að segja, að vér megum alls eigi láta það villa oss sýn, þó eitthvað það, sem vér eigi höfum, kunni að vera til í stórborgum ytra og reynist þar vel. Slikt er engin sönnun fyrir því, að okkur beri nauðsyn til þess að fá það hið sama, og að það mundi reynast vel hjá okkur. Staðhættirnir og lífskjörin í smábæ eins og Reykjavík annarsvegar og hins vegar í stórborgum eins og Kaupmannahöfn, París eða Lundúnum, eru svo gerólik og svo frábrugðin hver öðrum, að óhugsandi er að álykta frá einu til annars.

Eina skynsamlega leiðin hér, þá er um einhverja nýbreytni er að ræða, sem kostar bæði fé og fyrirhöfn, eins og til dæmis það, að koma upp stórri kvennabyggingu, hún er sú, að gera sér sem ljósasta grein fyrir því, hvort *hér sje þörf* fyrir slíka byggingu — *hvort okkur, með okkar staðháttum og okkar lífskjörum* verði slík bygging nothæf og gagnleg. Vér verðum að gera oss sem ljósasta grein fyrir því, að *hverju leyti* slík bygging geti átt þátt í því, að auka og efla menningu vora, að flytja okkur nær einhverju ákveðnu markmiði, er vér stefnum að.

Þetta verðum vér að rökræða á óhlutdrægan hátt. Og eftir niðurstöðu þeirri, er vér komumst að, verður það svo að fara, hvort vér álitum slíka byggingu þess verða fyrir oss, að stuðla að framkvæmd hennar með fjárframlögum, eða hvort vér eigum að hyggja af henni.

Lítum þá á ástandið hér og athugum *hver þörf*

er á slíku húsi, sem Hallveigarstaðir eiga að verða.

Hér eru nú komin upp allmörg kvenfélög: Kvenréttindafélag, Kvenfélag, Lestrarfélag kvenna, Bandalag íslenzkra kvenfélaga, Hringurinn, Hvíta bandið, K. F. U. K. og mörg fleiri. En sameiginlegt er það öllum þessum félögum, að *þau eru algerlega húsnæðislaus*. Lestrarfélagið býr til leigu á stað, sem er orðinn óhentugur og þröngur, enda er nú bókasafn þess orðið allstórt, um 3000 bindi. Er þetta félaginu til hins mesta бага og hindrar meðlimi þess í því að notfæra sér bókasafnið á fullnægjandi hátt, er góðan lestrarsal vantar. Hentugt húsnæði fyrir félagið fæsteigi byggt nema fyrir afarverð, og flutningar á jafnstóru bókasafni og félagið nú á, eru alt af erfiðir og kostnaðarsamir. Er þetta tvent ærin ástæða til þess, að félag þetta reyni með öllu móti að eignast hentugan og varanlegan samastað. —

Þessar sömu ástæður voru og fyrir hendi, er Lestrarfélag kvenna í Kaupmannahöfn réðist í að byggja eigið hús, og hefir sú raunin orðið á, að það hús borgar sig vel, enda var það um leið byggt til þess að fullnægja fleiri þörfum, er þá kölluðu að. Er það því alt í senn: Lestrarfélagshús kvenna, gistihús kvenna, fundarstaður ýmsra félaga — bæði kvenfélaga og annara, og matsöluhús — karla jafnt og kvenna. —

Svo er til ætlast, að Hallveigarstaðir séu sniðnir eftir þessari byggingu í Höfn, og á Lestrarfélag kvenna þar vísan samastað, þegar til kemur. Og er það vel. — En eru þá fleiri knýjandi þarfir hér fyrir hendi, sem Hallveigarstaðir geti bætt úr — þarfir, er geti gert það að verkum, að húsið svari kostnaði fjárhagslega og verði konum hagræði á menningarbraut þeirra, ef frá sjónarmiði framþróunar er á mál-ið litið. —

Eg nefndi áðan húsnæðisleysi allra vorra mörgu kvenfélaga. Enginn vafi er á því, að ódýr og hagkvæmur fundasalur mundi léttja þeim störf og tilkostnað sinn tilfinnanlega. Hér í bæ er mjög lítið um hentuga fundarsali. Væri hér því bætt úr brýnni þörf, ef vistlegur og um leið ódýr fundarsalur fengist í hinu fyrirhugaða húsi. — Þá er að líta á þörfina fyrir nokkur gistiberbergi handa konum, er bæði væru ódýr og smekklegr. Eg get af eigin reynslu sagt með sannni, að okkur vanhagar algerlega um slík herbergi hér í höfuðstað landsins — og það bæði fyrir innlendar og útlendar ferðakonur. Geri eg ráð fyrir að slík herbergi þyrftu eigi að standa ónotuð, og væri þar ráðin bót á verulegri þörf. — Húsnæðisekkan og húsaleigan, eins og hún er orðin hér nú, hamla því víðast hvar að fjölskyldur geti leyft sér að hafa gestaherbergi og taka vini eða ættingja inn á heimili sín um skemri eða lengri tíma. Væri þá handhægt að geta þó vírað á góð herbergi, þá er um konur væri að ræða, er kæmu sér til ánægju eða heilsubótar til höfuðstaðarins — eða í hvaða erindum sem væri. — Og eigi hvað sízt væri gott fyrir

sveitastúlkur, er stunduðu nám hér við háskólann, að eignast nokkur herbergi á Hallveigarstöðum. Vildi eg því leggja það til, að nokkur hluti þeirrar fjárupphæðar, er safnast til Stúdentagarðsins, yrði lagður til Hallveigarstaða.

Þá er hinn fyrirhugaði matsölustaður. Eg geri ráð fyrir, að hann ætti að geta svarað kostnaði — og sennilega orðið húsinu tekjuauki, ef vel væri rekinn. Og að minsta kosti væri nauðsynlegt að hafa tæki til þess að veita kaffi, te og súkkulaði, bæði til morgundrykkjar gestum, og til veitinga á fundum. En svo hefir reynst í Höfn, að matsalan getur því að eins svarað kostnaði í Lestrarfélagi kvenna, að vel sé til hennar vandað að öllu leyti — en þó viðhöfð hin mesta gát á öllu. — Skal eg eigi um það dæma, hver nauðsyn sé hér á slíkum matsölustað, en það veit eg fyrir vist, að húsið yrði að vera á allfjörförnum stað, ef matsala ætti að gefa verulegar tekjur. —

Þá er enn eitt atriði, sem vert er að líta á, í sambandi við Hallveigarstaði. Það er gestrisnin íslenzka.

Gestrisninni íslenzku er að maklegleikum viðbrugðið, hún er skilgetin dóttir sveitanna og strjálbýgðarinnar á voru landi. Þar á gestrisnin við og þar er hún lýtalaus kostur. En nú er fjöldinn allur af Reykjavíkurbúum fæddur í sveit og uppallinn í sveit. Þeir hafa því flutt sveitasiðina með sér, er þeir komu í höfuðstaðinn. — En svo fór um gestrisnina, er hún flutti úr sveitinni, að hún hætti að vera kostur — og má nú frekar með löstum teljast. Svo mikið er hæft í því, að sitt á við á hvorum staðnum.

Það er til dæmis gestrisni — en misstillin og misbrúkuð gestrisni, er gerir það að verkum, að vart er unt að ganga í næsta hús hér í Reykjavík, ef maður annaðhvort á erindi við einhvern eða langar til að skrafa stundarkorn um daginn og veginn, án þess að húsmóðurinni finnist það gestrisnis skylda sín að bjóða veitingar. — Og liggur við að henni finnist virðing sinni misboðið að einhverju leyti, ef neitað er að þiggja eitthvað. Þessi gestrisni fælist, í stað þess að laða. — Þá veit eg og til, að nokkrar konur hér reyndu eitt sinn að mynda ofurlitinn »klúbba«, og áttu þær að koma saman í ákveðnum tilgangi hver hjá annari til skiftis eftir kvöldverð. Svo var ákveðið, að te og kex ætti að veita. En viti menn, gestrisnin góða, en misbrúkaða, hlóp með konurnar í gönur. Þær fóru alveg ósjálfrátt að keppa hver við aðra um að hafa sem fjölbreyttastar kökur og »sandwiches« með teinu. — Afleiðingin varð, að samkomukvöldin urðu of kostnaðarsöm — og fóru alveg út um þúfur. — Misstillin gestrisni reið hinu góða málefni að fullu — það katnaði í kókusamkepnir og hefir ekki risið upp síðan.

Þessi gestrisni lifir og blómgevast hjer enn, þrátt fyrir dýrtíð og féleysi. Og hún er það aðallega sem hamlar því, að konur geti komið saman hver heima hjá annari, til þess að ræða áhugamál sín. Óbein-

línis verður hún því flestum áhugamálum kvenna til ógagns hér í bæ. En svo er hún rík í hugum húsfreyjanna, að óhugsandi er að útrýma henni fyrst um sinn. —

Hér mundu því Hallveigarstaðir — ef haganlega væri fyrirkomið — geta unnið konum stórgagn. Þar ætti að vera vistleg stofa — eins og í Lestrarfélagsbyggingu kvenna í Höfn — þar sem allir »meðlimir« hússins — hlutafélagsins eða lestrarfélagsins — gætu hitst og skrafað saman, er þær fýsti, þar væri engin ein frekar húsmóðir en önnur — og málefnið sætu þar í fyrirrúmi fyrir öllum veitingum. Er eg sannfærð um, að slíkt gæti leitt til þess að auka og efla áhuga fjölda kvenna á ýmsum þeim málum, er varða bæði sjálf heimilin, bæjarfélagið og þjóðfélagið. Og mundi þetta verða til þess, að rýmka sjóndeildarhring kvenna yfirleitt og kenna þeim að hugsa betur en áður, kynna þær hverja annari og sýna þeim fram á, að þær geta fjölmörgu góðu til leiðar komið með samlökum og samúð, þar sem hver einstaklingur er lítills megnugur, ef hann starfar einn sér. Ytra eru konur fyrir löngu síðan farnar að finna, hve nauðsynlegt þeim er, að losna um stundarsakir úr eldhúsinu, baðstotunni eða stáss-stofunni og koma saman utan heimilis — sem frjálsir þjóðborgarar — til þess að kynnast og ráða ráðum sínum um sameiginleg áhugamál. Um heimilismál — uppeldismál — mentamál kvenna og barna — og um ýms og margbreytt málefni, er til þjóðþrifa horfa. Hafa því kven»klúbbar« og kvennabyggingar víða verið reist í borgum og bæjum, og jafnan þótt bera hinn bezta árangur. — Get eg ekki óskað okkur íslenzku konunum annars betra, en að hjá okkur mætti vakna sem fyrst slíkur áhugi og nú er víða vaknaður meðal kynsystra okkar ytra á velferðarmálum sjálfra okkar, heimilanna, bæjarfélagsins og þjóðfélagsins. Og eg fæ ekki betur séð, en að Hallveigarstaðir mundu geta átt góðan þátt í því, að glæða og efla slíkan áhuga — og viðhalda honum.

Bygging Hallveigarstaða er tvent í senn: *einkamál kvenna og nauðsynjamál*. — Og þó um leið áreiðanlega eitt af þeim málum, er teljast mega til helztu þjóðþrifamála. Við eigum máltæki, sem segir: »Bóndi er bústólpi — og bú er landstólpi«. — En hvað er þá konan? Hún er margt í senn — ef vel er. Hún er fyrst og fremst skapari heimilisins. Þar á hún hinum ábyrgðarmestu störfum að gegna, sem til eru innan vébanda mannfélagsins: móðurskyldum, uppeldisskyldum og húsmóðurskyldum.

Sumir kunna að líta svo á, að bygging eins og Hallveigarstaðir dragi nú konurnar frá heimilunum — geri þeim óljúfara að gegna hversdagsskyldum hins daglega lífs, er hugur þeirra fær meiri þroska og viðsýni fyrir samkvæmi með konum þeim, er kunna að láta ýms þjóðfélagsmál til sín taka. — En þetta er óþarfa hræðsla — þvert á móti: hver sú kona, sem á kost á, og gerir sér far um, að læra að

skilja til hlítar, hve fjölþættar og hve mikilvægar skyldur hennar eru, hún hlýtur að ganga úr skugga um það, að heill og hamingja heimilisins er undir því komin, að hún ræki skyldur sínar af alúð og með *hlidsjón af allri þeirri þekkingu, sem unt er að afla sér á hverju einstöku sviði*. Og þá verða hinar »smáu« daglegu skyldur ekki lengur *smáar*. Þær verða hver um sig *mikilvægt atriði — mikilvægar þáttur* í þeirri byggingu, sem lengst á að standa og bezt skal til vanda — en sú bygging er *líkamleg vellíðan* og *audlegur þroski* allra þeirra, sem konan á heimilinu hefir undir stjórn sinni, bæði sem eiginkona, móðir og húsmóðir. —

Eg tók það fram áðan, að Hallveigarstaðir ættu að stuðla að þjóðþrifum og væri því hér ekki einungis um einkamál *kvenna einna* að ræða, heldur og um alment þjóðþrifamál. Og eg vona að öllum skiljist að þetta er rétt mælt. Því aðal-tilgangurinn með þessa fyrirhugaða húsi er sá, að gera konum auðveldara en ella, að ná þeim *andlega þroska*, að þær *skilji* betur en áður — og þeirri *þekkingu* að þær *gegni* betur en áður hinni fjölþættu köllun sinni, sem heimilisborgari, bæjarborgari og þjóðfélagsborgari. Vera mætti og, að aukið samkvæmi við erlendar konur á hinu nýja kvennaheimili, gæti orðið til þess, að gera íslenskum konum það og *ljósara en áður*, að þrátt fyrir fæð og smæð og fjarlægð, þá erum við *líka heimsborgarar*, og að okkur hvíla *líka* skyldur á herðum gagnvart umheiminum, gagnvart *heimsheimilinu* — og eigi að eins gagnvart eigin þjóðarheimili okkar.

Eigi ætla eg mér þá dul, að neita því með öllu, að við íslenskar konur getum eigi einhvern tíma átt því láni að fagna, að öðlast þroska þann, er nú var nefndur, án þess að Hallveigarstaðir komist upp. En eg er sannfærð um, að slíkt kvennaheimili mundi eiga meiri þátt, en vér nú getum gert oss ljósa grein fyrir, í því, að *flyta fyrir* þessum þroska. Og, ef satt skal segja, þá þurfum við íslensku konurnar þess mikillega með, að ná sem fyrst því þroska-skeiði, að eigi verði með sanni sagt um okkur, að við *í hverskonar þekkingu* — á heimilismálum, mentamálum og þjóðfélagsmálum, eigum *enn óstigin* síðustu skrefin, er kynsystur okkar í útlöndum hafa þegar stigið. —

Eg er sannfærð um, að Hallveigarstaðir muni eiga drjúgan þátt í því, að flytja okkur íslensku konurnar fram en nú er á menningar- og þroskabrautvorri, að þar munum vér eignast laðandi samkomustað, er með tímanum geti átt því láni að fagna, að þar fæðist margháttaðar hugsjónir og framkvæmdir, landi og lýð til þrifa og konum sjálfum til þroska, vegsauka og sæmdar.

Björg C. Þorláksson.

Kornin helgu.

Lengst inni í dimma Kolufellsskóginum bjó gamli töframaðurinn, Hagar. Hve mörg ár hann bar á herðum sér vissi enginn, jafnvel ekki sjálfur hann. En það var almenn trú að hann hefði séð jafnmörg sólhvörf og fingurnir eru séu þeir taldir tíu sinnum, og að hann myndi eftir elstu trjánnum í skóginum sem örlitlum hríslum. Í æsku hafði hann farið víða. Í norðurveg svo langt, að hann hafði séð hina eilífu vetrarnótt. Af dvergum hafði hann numið töfra og hjá þeim gerðist hann forspár og lærði deili á leyndum listum. Í suðurvegi sá hann land sífelds sumars. Þar lærði hann hvernig ávextir jarðarinnar spretta, hvernig slá má eld af steini og gera vopn, er blika sem sól.

Hagar átti eina dóttur, er Embla hét. Hún var fögur sem dagur, með blá augu og hár, sem sólin hafði gefið lit sinn. Hún annaðist gamla manninn, og gerði ellidaga hans léttbæra. Margir ungir sveinar komu til fedginanna, til þess að tjá dótturinni ást sína, en fyr eða síðar urðu þeir allir að hverfa í burtu, án þess að hafa fengið ábeyrn. Þeir buðu fram gull og græna skóga, dýrmæta feldi af skógardýrunum og djásni líka steina, er þeir höfðu fundið í farvegum fljótanna. En enginn þeirra bauð nóg, enginn gat gert það, sem gamli maðurinn af þeim krafðist.

Hvert sinn, sem biðil bar að garði, tók Hagar gamli fram fáeina einkennilega steina, sem hann geymdi í lítilli skinnpyngju. Þeir voru aflangir, gulir að lit, en ef hann malaði þá milli tveggja hnúlluuga urðu þeir að dufti, hvítu eins og vetrarsnjórinn. Sá, sem getur gert 10 korn úr einu, skal fá dóttur mína, sagði gamli maðurinn. En gestirnir hristu höfuðin og skyldu ekki hvert hann fór. Slíkt varð ekki gert nema með göldrum, og við galdur vildu þeir ekki fást. Þeir voru veiðimenn, sem hæft gátu björninn með spjóti, hitt fugl á flugi með örinni, og hlaupið uppi hreininn á flóttu, en að gera tíu korn úr einu, það gátu þeir ekki. Og þess vegna fékk enginn þeirra karlsdótturina fögru, og þeir sneru allir heim til átt-haga sinna að svo búnu.

Þannig atvikaðist það, að alstaðar, þar sem menn hittust, var rætt um Hagar gamla og Emblu dóttur hans og um gullnu kornin. Sumir sögðu, að hann léti svona vegna þess, að hann týmdi ekki að sjá af Emblu, og setti því öllum þann kost, et þeir gætu ekki fullnægt. Aðrir sögðu, að hann gerði þetta í því skyni, að hafa uppi á töframanni, er orðið gæti jafningi hans að kunnáttu. Því sá hlaut að vera rammgöldróttur, sem gert gæti tíu korn úr einu.

Umtal þetta barst til eyrna Úlf, bjarnveiðimanninum. Hann hafði séð Emblu og hún hafði heillað hann, svo að hugur hans dvaldi löngum hjá henni. Úlfar hafði séð margt og lært mikið, en þó vissi hana ekki, hvernig leysa skyldi þrautina þá, að gera